

7. gr.

Kostnaður við heiðurspeninginn greiðist úr ríkissjóði.

Gjört í Reykjavík, 11. júlí 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Nr. 64.

17. ágúst.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að algert verkfall hafi staðið yfir hjá meðlimum Stéttarfélags verkfræðinga frá 27. júní s.l. Frá 1. júlí þ. á. hafi tekið gildi nýtt launakerfi opinberra starfsmanna samkvæmt kjaradómsúrskurði, en launakröfur Stéttarfélags verkfræðinga, sem félagið hafi haldið fast við, séu almennt verulega hærrí en laun sambærilegra starfsmanna samkvæmt kjaradómi. Þannig sé öllu samræmi launakerfis ríkisins, sem komið var á með lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 55/1962, við laun fyrir sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu, stefnt í hættu og þannig unnið gegn efnahagskerfi landsins og hagsmunum almennings. Beri því brýna nauðsyn til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka þróun mála.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefni þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu, hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu, samkvæmt launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963.

Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, er óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stéttarfélags verkfræðinga, sem nú eru háð.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistöku laga þessara.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Gjört að Bessastöðum, 17. ágúst 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda og mun verða fjarverandi um hrið.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 17. ágúst 1963.

Ólafur Thors.

Knútur Hallsson.